



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Directorate of Health

Lágmarksskráning samskipta á heilsugæslustöðvum og á læknastofum

Tilmæli landlæknis

2. útgáfa janúar 2008

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Yfirlit yfir skráningaratriði	3
3	Skráningaratriði	4
3.1	Heilsugæslustöð/læknastofa	4
3.1.1	Kennitala stöðvar/stofu læknis	4
3.1.2	Númer stöðvar/stofu	4
3.2	Tegund samskipta	4
3.2.1	Viðtal	4
3.2.2	Vitjun	4
3.2.3	Símtal	4
3.3	Auðkenni sjúklings	4
3.3.1	Kennitala sjúklings	4
3.3.2	Læknanúmer heimilislæknis sjúklings	4
3.3.3	Ríkisfang	4
3.3.4	Nafn	5
3.3.5	Kyn	5
3.3.6	Hjúskaparstaða	5
3.3.7	Lögheimili	5
3.3.8	Sveitarfélagsnúmer	5
3.3.9	Póstnúmer	5
3.4	Samskiptin	5
3.4.1	Dagsetning bóknar	5
3.4.2	Dagsetning og tími samskipta	5
3.4.3	Forgangsröðun (áður “Aðkoma”)	6
3.4.4	Starfsstétt starfsmanns	6
3.4.5	Númer starfsmanns	6
3.4.6	Hver vísaði einstaklingi	6
3.5	Tilefni	6
3.5.1	Tilefni Samskipta	6
3.6	Sjúkdóms- og hjúkrunargreiningar	7
3.6.1	Sjúkdómsgreiningar	7
3.6.2	Slysaskráning	7
3.6.3	Óstaðfestar sjúkdómsgreiningar	7
3.6.4	Hjúkrunargreiningar	7
3.7	Úrlausnir	8
3.7.1	Aðgerðir	8
3.7.2	Lyfjaávisanir	8
3.7.3	Hjúkrun	8
3.7.4	Önnur flokkunarkerfi úrlausna	8
3.8	Eftirlit	8
3.8.1	Eftirlit eftir samskipti	8
4	Skýrslugerð til landlæknis	9
5	Viðauki I	10
6	Viðauki II	11
7	Viðauki III	15

1 Inngangur

Umfangsmikil skráning fer fram í heilbrigðisþjónustu á Íslandi og er hún hluti af reglubundnu starfi fjölmargra heilbrigðisstétta. Kveðið er á um skyldu til skráningar í ýmsum lögum og reglugerðum. Skylda til færslu sjúkraskrár er tilgreind í reglugerð nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál.

Til þess að skráning nýtist þarf hún að vera samræmd. Í þeim tilgangi gefur landlæknir heilbrigðisstofnunum, heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu fyrirmæli um lágmarksskráningu upplýsinga (sjá 8. gr. laga um landlækni nr. 41/2007). Í þeim eru skilgreind skráningaratriði sem að lágmarki skal skrá. Í fyrirmælum sínum um lágmarksskráningu leggur landlæknir áherslu á að skráðar séu upplýsingar sem hafi margþætta nýtingarmöguleika og að til þess séu notuð kóðuð flokkunarkerfi ef þau eru fyrir hendi. Nánari upplýsingar um kóðuð flokkunarkerfi og gildandi útgáfur þeirra eru á vefsíðu Landlæknisembættisins www.landlaeknir.is.

Landlæknir heldur skrár á landsvísu um ýmsa þætti heilsufars og starfsemi heilbrigðisþjónustunnar. Ákvæði um skyldu landlæknis til að halda slíkar skrár er að finna í 8. gr. laga um landlækni. Þar kemur fram að tilgangur skrána er að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með þjónustunni og tryggja gæði hennar og meta árangur þjónustunnar og nota við gerð áætlana um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu og til vísindarannsókna. Gagnasöfnun landlæknis byggir á reglulegri skráningu heilbrigðisstarfsmanna. Kveðið er á um skyldur heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna til að veita landlækni upplýsingar til þess að halda heilbrigðisskrár í fyrrgreindum lögum.

Landlæknisembættið gefur nú út fyrirmæli um lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum og hjá sérfræðilæknum sem starfa á stofum og er um að ræða endurskoðaða útgáfu tilmæla sem komu fyrst út árið 2001. Megintilgangur þessara tilmæla var að samræma betur skráningu á heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan sjúkrahúsa og voru þau m.a. unnin í samvinnu við Guðmund Sigurðsson heilsugæslulækni. Tilmælin hafa nú verið endurskoðuð af starfsfólki Landlæknisembættisins. Breytingar á skjalinu frá fyrri útgáfu er að finna í Viðauka I.

2 Yfirlit yfir skráningaratriði

Eftirfarandi atriði skal skrá að lágmarki á heilsugæslustöðvum og á læknastofum. Nánari útskýringar á skráningaratriðunum er að finna í 3. kafla.

Heilsugæslustöð/læknastofa

- Kennitala stöðvar/stofu/læknis
- Númer stöðvar/stofu

Tegund samskipta

- Viðtal
- Vitjun
- Símtal

Auðkenni sjúklings

- Kennitala einstaklings
- Læknanúmer heimilislæknis einstaklings
- Ríkisfang
- Nafn
- Kyn
- Hjúskaparstaða
- Lögheimili
- Sveitarfélagsnúmer
- Póstnúmer

Samskipti

- Dagsetning bókkunar
- Dagsetning og tími samskipta
- Forgangsröðun
- Starfsstétt starfsmanns
- Númer starfsmanns
- Hver vísaði einstaklingi

Tilefni

- Tilefni samskipta

Sjúkdóms- og hjúkrunargreiningar

- Sjúkdómsgreiningar
- Hjúkrunargreiningar

Úrlausnir

- Aðgerðir
- Lyfjaávisanir
- Hjúkrun
- Önnur flokkunarkerfi úrlausna

Eftirlit

- Eftirlit eftir samskipti

3 Skráningaratriði

3.1 Heilsugæslustöð/læknastofa

3.1.1 Kennitala stöðvar/stofu læknis

Tíu stafa tala úr Þjóðskrá, skráð án bandstriks.

Læknastofur skrái kennitölur starfsstöðvar.

3.1.2 Númer stöðvar/stofu

Númer heilsugæslustöðvar eða stofu samkvæmt stofnanaskrá Landlæknisembættisins.

3.2 Tegund samskipta

Tegund samskipta getur verið þrenns konar.. Ef ekkert af því á við er skráð í flokkinn annað.

1 = Viðtal

2 = Vitjun

3 = Símtal

4 = Annað

3.2.1 Viðtal

Viðtal við sjúkling á heilsugæslustöð eða viðtal við sjúkling á stofu sjálfstætt starfandi sérfræðilæknis. Hér skal skrá viðtöl við sjúkling og viðtöl á hans vegum, þ.m.t. viðtöl við milligöngumann vegna sjúklings.

3.2.2 Vitjun

Vitjun heilbrigðisstarfsmanns til sjúklings.

3.2.3 Símtal

Símtal við sjúkling og símtal við milligöngumann vegna sjúklings.

3.3 Auðkenni sjúklings

Ef kennitala er þekkt er hægt að sækja öll önnur atriði um auðkenni sjúklings í Þjóðskrá.

3.3.1 Kennitala sjúklings

Tíu stafa tala úr Þjóðskrá, skráð án bandstriks.

Þeim sjúklingum sem ekki eiga íslenska kennitölu er gefin sex stafa tala sem táknar fæðingardag, mánuð og ár. Næst koma þrjú “0” eða einhverjir aðrir stafir en tíunda talan táknar þá öld sem viðkomandi einstaklingur er fæddur á, þ.e. “9” fyrir þá sem fæddir eru 1900-1999 og “0” fyrir þá sem fæddir eru 2000-2099.

Kennitala er dulkóðuð áður en innkölluð gögn eru vistuð hjá Landlæknisembættinu.

3.3.2 Læknanúmer heimilislæknis sjúklings

Læknanúmer heimilislæknis sjúklings í samræmi við læknaskrá Landlæknisembættisins. Ef sjúklingur er ekki skráður á ákveðinn heimilislækni, heldur á heilsugæslustöð skal skrá læknanúmer heilsugæslustöðvar skv. læknaskrá Landlæknisembættisins.

3.3.3 Ríkisfang

Ríkisfang samkvæmt kóðum Þjóðskrár sem er tveggja stafa landsnúmer, sjá Viðauka II og <http://www.thjodskra.is/taknmal/>. Ef sjúklingur hefur ekki íslenska kennitölu þarf að fylla út ríkisfang. Dæmi: Ísland = IS, Danmörk = DK.

3.3.4 *Nafn*

Nafn þess einstaklings sem verið er að skrá samskipti við. Eingöngu fyrir þær stöðvar/stofur eða lækna sem skrá samskiptin.

3.3.5 *Kyn*

- 1 = Karl (drengur)
- 2 = Kona (stúlka)

3.3.6 *Hjúskaparstaða*

Hjúskaparstaða samkvæmt Þjóðskrá á þeim tímapunkti sem samskiptin fara fram. Nauðsynlegt er að geyma þessar upplýsingar með samskiptunum vegna þess að hjúskaparstaða getur breyst.

- 1 = Ógift(ur)
- 3 = Gift(ur) eða staðfest samvist
- 4 = Ekkja/ekkill
- 5 = Skilin(n) að borði og sæng
- 6 = Skilin(n) að lögum
- 9 = Hjúskaparstaða ekki gefin upp

3.3.7 *Lögheimili*

Lögheimili, skv. Þjóðskrá, þess einstaklings sem verið er að skrá samskipti við. Eingöngu fyrir stöðvarnar/stofurnar eða lækna sem skrá samskiptin.

3.3.8 *Sveitarfélagsnúmer*

Fjögurra stafa sveitarfélagsnúmer lögheimilis skv. viðauka II . Fyrir þá sem hafa lögheimili erlendis er hér er sett 99 auk tveggja stafa landsnúmers þess lands sem lögheimilið er. Ef landið er óþekkt eru allir fjórir stafirnir 9999.

Nauðsynlegt er að geyma upplýsingar um sveitarfélag með samskiptunum vegna þess að sveitarfélag lögheimilis getur breyst.

Dæmi um sveitarfélagsnúmer: Reykjavík = 0000, Kópavogur = 1000, Akureyri = 6000.
Danmörk = 99DK

3.3.9 *Póstnúmer*

Þriggja stafa pósnúmer lögheimilis skv. viðauka III . Fyrir þá sem hafa lögheimili erlendis er sett talan 999.

Nauðsynlegt er að geyma upplýsingar um pósnúmer með samskiptunum vegna þess að lögheimili getur breyst.

Dæmi um pósnúmer: Reykjavík = 101, Kópavogur = 200, Akureyri = 600.
Danmörk = 999.

3.4 Samskiptin

3.4.1 *Dagsetning bókuðar*

Dagur, mánuður og ár þegar samskipti við einstaklinginn voru bókuð. Á forminu DD.MM.YYYY.

3.4.2 *Dagsetning og tími samskipta*

Dagur, mánuður, ár og tími þegar samskipti við einstaklinginn áttu sér stað. Á forminu DD.MM.YYYY HH24:MI.

3.4.3 Forgangsröðun (áður “Aðkoma”)

Gert er ráð fyrir að móttökuritari fylli út þennan skráningarþátt í samræmi við eftirfarandi leiðbeiningar.

Ef dagsetning bókuar er ekki sú sama og dagsetning samskipta telst aðkoman ekki bráð.

Ef dagsetning bókuar er sú sama og dagsetning samskipta þarf að taka afstöðu til þess hvort samskiptin eru bráð eða ekki bráð.

1 = Brátt

0 = Ekki brátt

3.4.4 Starfsstétt starfsmanns

Hér skal skrá hvaða heilbrigðisstarfsmaður innan stöðvarinnar/stofunnar sinnir samskiptum við einstaklinginn. Skrá skal starfsstétt viðkomandi ef slík númer eru tiltæk fyrir viðkomandi starfsstétt.

1 = Læknir

2 = Hjúkrunarfræðingur

3 = Sjúkraliði

4 = Sjúkraþjálfari

5 = Iðjuþjálfari

6 = Ljós móðir

9 = Annar heilbrigðisstarfsmaður

3.4.5 Númer starfsmanns

Skrá skal númer viðkomandi starfsmanns ef slík númer eru tiltæk fyrir viðkomandi starfsstétt.

Landlæknir gefur út starfsgreinaskrár fyrir ýmsar heilbrigðisstéttir, t.d. læknaskrá og hjúkrunarfræðingaskrá þar sem einkvæm númer heilbrigðisstarfsmanna koma fram. Hægt er að gerast áskrifandi að skráum landlæknis.

3.4.6 Hver vísaði einstaklingi

1 = Einstaklingurinn sjálfur – einstaklingurinn sjálfur tók ákvörðun um að hafa samskipti.

2 = Fjölskylda eða vinur – einhver nákominn ráðlagði einstaklingnum að hafa samskipti.

3 = Læknir ráðlagði einstaklingnum að hafa samskipti.

4 = Annar heilbrigðisstarfsmaður, svo sem lyfjafræðingur, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir, sálfræðingur, sjúkraþjálfari, iðjuþjálfari, félagsráðgjafi, lyfjataeknir eða sjúkraliði, ráðlagði einstaklingnum að hafa samskipti.

5 = Annar fagmaður, svo sem kennari, prestur eða íþróttþjálfari, ráðlagði einstaklingnum að hafa samskipti.

6 = Aðili sem veitir heilsutengda þjónustu, svo sem græðari, ráðlagði einstaklingnum að hafa samskipti.

9 = Ekki vitað

3.5 Tilefni**3.5.1 Tilefni Samskipta**

Tilefni samskipta skal skrá samkvæmt flokkunarkerfinu ICPC (*International Classification of Primary Care*) hjá heilsugæslustöðvum og á læknastofum.

Ef tilefni samskipta er slys skal það skráð í Slysaskrá Íslands (SÍ) hjá heilsugæslustöðvum. Til þess að það sé mögulegt þarf að virkja tengingu við SÍ á samskiptaseðli í Sögu 3.1. Í SÍ skal skrá ýmsar upplýsingar sem varða slysið og einstaklinga sem lentu í því, s.s. tegund slyss, tímasetningu, staðsetningu, athugasemd og fleira, sjá nánar leiðbeiningar um skráningu í SÍ. Gera þarf ráð fyrir því að það númer sem slysið fær við skráningu í SÍ (atburðarnúmer) verði auk þess vistað með samskiptaskráningunni.

3.6 Sjúkdóms- og hjúkrunargreiningar

3.6.1 Sjúkdómsgreiningar

Sjúkdómsgreiningar skulu skráðar í samræmi við gildandi útgáfu *Alþjóðlegs flokkunarkerfis sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála*, nú ICD-10 (*International Classification of Diseases and Related Conditions, Rev. 10*). Skal birting flokkunarkerfis sýna texta greiningar að fullu með skýringartextum og millivísunum eins og prentaðar útgáfur gera. Í heilsugæslu er skráning með einum bókstaf og tveimur tölustöfum heimil. Skráning í heilsugæslu skal þó vera þannig úr garði gerð að full skráning með aukastöfum sé möguleg. Sérfræðilæknum er ætlað að fullnýta nákvæmni við skráningu sem ICD-10 býður upp á.

Hvaða sjúkdómsgreiningar skal skrá?

- Aðeins skal skrá sjúkdómsgreiningar sem skiptu máli í samskiptunum.
- Skrá skal greiningar allra sjúkdóma sem leiddu til rannsókna eða íhlutunar.
- Við margþætta sjúkdóma og fjöláverka skal skrá hvern þátt fyrir sig.

Val á aðalsjúkdómsgreiningu

- Ef skráðar eru fleiri en ein greining verður alltaf að velja aðalgreiningu. Aðalgreining er höfð fremst samkvæmt venju eða auðkennd á annan hátt.
- Aðalgreining skal endurspeglar meginástæðu rannsókna og meðferðar.
- Ef velja þarf á milli tveggja eða fleiri hugsanlegra aðalgreininga, skal sú valin sem er í forgangi hverju sinni.

3.6.2 Slysaskráning

Tvær leiðir eru mögulegar við skráningu slysa. Ef eingöngu eru notaðir greiningarkóðar úr ICD-10 skal skrá a.m.k. tvo kóða, annars vegar til að lýsa áverkanum og hins vegar tildrögum slyssins. Áverkakóði skal settur sem aðalgreining. Við skráningu á tildrögum slyss eru notaðir kóðar úr XX kafla ICD-10. Mögulegt er að skrá nákvæmar með því að nota **samnorrena (NOMESCO) slysaflokkun** (Classification of External Causes of Injuries) í stað kafla XX í ICD-10. Notkun slysaflokka ákvarðast af ástæðu komu og þá skal nota ef ástæða komu er:

- Slys
- Sjálfsvíg/sjálfsvígstilraun
- Ofbeldi

Samnorrena slysaflokkunin felur það í sér að skrá þarf:

- Staðarkóða
- Tegund slyss
- Athafnir þegar slys átti sér stað
- Sérstaka skráningu fyrir umferðarslys

Við skráningu slysa skal auk þess skrá í Slysaskrá Íslands eins og tilgreint er í kafla 3.5.1.

3.6.3 Óstaðfestar sjúkdómsgreiningar

Ef sjúkdómsgreining liggur ekki fyrir eða óvissa um greiningu er mikil, skal velja mikilvægasta einkennið eða vandamálið sem aðalsjúkdómsgreiningu. Mögulegt er að skrá úr R-kafla ICD-10.

3.6.4 Hjúkrunargreiningar

Hjúkrunargreining er skráð samkvæmt flokkunarkerfinu NANDA. Skal birting flokkunarkerfis sýna greiningar að fullu með skýringartextum.

3.7 Úrlausnir

3.7.1 Aðgerðir

Aðgerðir lækna skulu skráðar eftir norrænni flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum, flokkunarkerfinu NCSP, (*NOMESCO Classification of Surgical Procedures*) eða ef vill NCSP-IS (landsútgáfu NCSP+). NCSP kóðanúmerin samanstanda af þremur bókstöfum og tveimur tölustöfum. Skal birting flokkunarkerfis sýna texta greiningar að fullu með skýringartextum og milli- frávísunum eins og prentaðar útgáfur gera.

Ef fleiri en ein aðgerð er framkvæmd á sama tíma, og ekki er til samsettur kóði fyrir þessa samsetningu aðgerða, verður að skrá alla kóða en þó aðalkóða fyrst, eða merkja hann á einhvern hátt, og öðrum raðað þar á eftir samkvæmt vægi þeirra. Meginaðgerð, eða fyrsta aðgerð, er sú aðgerð sem er samkvæmt álitum lækna sýnir yfirgripsmesta og sú sem krefst mestra úrræða.

3.7.2 Lyfjaávisanir

Skrá skal þau lyf sem ávísað er á einstakling í samskiptunum skv. ATC flokkunarkerfi lyfja (*Anatomical-Therapeutic-Chemical Classification*) sem [Lyfjastofnun](#) heldur skrá um.

3.7.3 Hjúkrun

Hjúkrunarmeðferð er skráð skv. flokkunarkerfinu NIC (*Nursing Intervention Classification*). Skal birting flokkunarkerfis sýna greiningar að fullu með skýringartextum.

3.7.4 Önnur flokkunarkerfi úrlausna

Auk fyrrgreindra flokkunarkerfa er heimilt að beita öðrum flokkunarkerfum í tengslum við úrlausnir, svo sem við flokkun rannsókna, vottorða og tilvísana. Þau eru ekki tilgreind sérstaklega hér en við upptöku nýrra slíkra flokkunarkerfa á þessu sviði er ráðlegt að hafa samráð við heilbrigðisráðgjafar Landlækniseimbættisins.

3.8 Eftirlit

3.8.1 Eftirlit eftir samskipti

Skrá skal hvort fyrirhugað er eftirlit eftir samskiptin og ef svo er hvar það eftirlit muni fara fram.

- 1 = Eftirlit ekki fyrirhugað. Einstaklingur kemur ekki í eftirlit vegna þessara samskipta.
- 2 = Eftirlit fyrirhugað á sama stað. Einstaklingur kemur í eftirlit vegna þessara samskipta á sama stað.
- 3 = Eftirlit fyrirhugað annars staðar. Einstaklingur fer annað í eftirlit vegna þessara samskipta. Til heilbrigðisstarfsmanna á annarri heilsugæslustöð, til annars sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns eða á annarri heilbrigðisstofnun.

4 Skýrslugerð til landlæknis

Heilsugæslustöðvum og sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum er skylt að skila ákveðnum gögnum um starfsemi sína til landlæknis. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/2007 gefur landlæknir heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu fyrirmæli um lágmarksskráningu upplýsinga og hvernig staðið skuli að skráningu og miðlun upplýsinga til embættisins. Hér að framan hafa verið tilgreind þau skráningaratriði sem skrá skal að lágmarki á heilsugæslustöðvum og læknastofum og mælt fyrir um með hvaða hætti þau skuli skráð. Í viðauka er birt innköllunarsnið gagna sem segir fyrir um á hvaða formi gögn skulu verða þegar þeim er skilað til Landlæknisembættisins. Landlæknir kallar eftir gögnum einu sinni á ári og oftast ef þörf krefur. Miðað er við að bréf vegna innköllunar gagna verði send út í byrjun hvers árs. Í innköllunarbréfi er nánar sagt fyrir um hvernig skila eigi gögnum til embættisins.

Ýmsar aðrar upplýsingar þurfa að berast Landlæknisembættinu með fyrirfram skilgreindum hætti.

- Heilsugæslulæknar og sjálfstætt starfandi sérfræðingar skulu senda tilkynningar um skráningarskylda og tilkynningaskylda sjúkdóma til sóttvarnalæknis í samræmi við reglugerð um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma nr. 129/1999.
- Upplýsingar um bólusetningar munu varpast rafrænt inn í bólusetningaskrá sóttvarnalæknis við skráningu.
- Beiðnir um og framkvæmd fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða eru skráð á þar til gerð eyðublöð skv. lögum nr. 25/1975 og send landlækni að aðgerð lokinni.
- Upplýsingar um slys þarf að skrá rafrænt inn í Slysaskrá Íslands við skráningu. Tengingu við Slysaskrá Íslands þarf að virkja sérstaklega í skráningarkerfi heilsugæslustöðva. Hafi sú tenging ekki verið virkjuð skal hafa samband við verkefnisstjóra Slysaskrár hjá Landlæknisembættinu.

Fjölbreytt starfsemi innan einstakra heilbrigðisstofnana getur kallað á þörf fyrir skráningu og jafnvel notkun flokkunarkerfa sem þessi tilmæli ná ekki til, enda fjalla þau um hvað skráð skuli að lágmarki. Þeim þörfum hefur þá hver stofnun fyrir sig mætt með vali á flokkunarkerfum og öðrum úrlausnum enda ekki fyrirmæli um annað. Í þeim tilvikum sem skráning felur í sér þörf fyrir upptöku nýrra flokkunarkerfa er þó ráðlegt að hafa samráð við heilbrigðistölfræðisvið Landlæknisembættisins.

5 Viðauki I

Nokkrar breytingar voru gerðar á skjalinu frá útgáfu 1. Eftirfarandi atriðum var breytt eða bætt við útgáfu 2.

Heilsugæslustöð/læknastofa

- Bætt við nýju atriði sem er númer stöðvar/stofu

Tegund samskipta

- Tegund samskipta númeruð þannig að nóg er að skrá númer en ekki heiti tegundar.

Auðkenni sjúklings

- Í hjúskaparstöðu var bætt við 6= Skilinn að lögum skv. táknmáli Þjóðskrár.
- Við sveitarfélag þá vinsamlegast athugið að hér er átt við sveitarfélagsnúmer en ekki póstnúmer.
- Bætt við póstnúmeri skv. lögheimili einstaklings.

Samskiptin

- Í dagsetningu samskipta var tíma bætt við þannig að nú er beðið um dagsetningu og tíma þegar samskiptin áttu sér stað.
- Nafnbreyting varð á “Aðkomu” heitir núna “Forgangsröðun” og númer sem gilda fyrir breyturnar var breytt. 0 = Ekki brátt og 1 = Brátt.
- Við skráningu starfsmanns var atriðinu skipt upp í tvennt. Annars vegar starfstétt starfsmanns og hins vegar númer starfsmanns. Áður var beðið um bæði atriði saman.
- Starfstétt starfsmanns númeruð þannig að nóg er að skrá númer en ekki heiti eða stytting á heiti starfstéttar. Einnig bætt við möguleikanum 9 = Annar heilbrigðisstarfsmaður.
- Hver vísaði sjúklingi. Númerum breytt og fleiri möguleikum bætt við.

Tílefni

- Skýringar lagaðar við tílefni.

Sjúkdóms- og hjúkrunargreiningar

- Skýringartexti hefur verið endurskoðaður. Skoða þarf því allan textan en vinsamlegast athugið m.a. að skrá skal greiningar allra sjúkdóma sem leiddu til rannsókna eða íhlutunar. Og hvað varðar slysaskráningu að ef eingöngu eru notaðir greiningarkóðar úr ICD-10 skal skrá a.m.k. tvo kóða, annars vegar til að lýsa áverkanum og hins vegar tildrögum slyssins. Áverkakóði skal settur sem aðalgreining.

Þó nokkrar breytingar voru einnig gerðar á inngangi og 4. kafla um skýrslugerð til landlæknis.

6 Viðauki II

Táknölur sveitarfélaga

0000	Reykjavíkurborg
1000	Kópavogsbær
1100	Seltjarnarneskaupstaður
1300	Garðabær
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður
1603	Sveitarfélagið Álftanes
1604	Mosfellsbær
1606	Kjósarhreppur
2000	Reykjanesbær
2300	Grindavíkurbær
2503	Sandgerðisbær
2504	Sveitarfélagið Garður
2506	Sveitarfélagið Vogar
3000	Akraneskaupstaður
3506	Skorradalshreppur
3511	Hvalfjarðarsveit
3609	Borgarbyggð
3709	Grundarfjarðarbær
3710	Helgafellssveit
3711	Stykkishólmsbær
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur
3714	Snæfellsbær
3811	Dalabyggð
4100	Bolungarvíkurkaupstaður
4200	Ísafjarðarbær
4502	Reykhólahreppur
4604	Tálknafjarðarhreppur
4607	Vesturbyggð
4803	Súðavíkurhreppur
4901	Árneshreppur
4902	Kaldrananeshreppur
4908	Bæjarhreppur
4911	Strandabyggð
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður
5508	Húnaþing vestra
5604	Blönduóssbær
5609	Höfðahreppur
5611	Skagabyggð
5612	Húnavatnshreppur
5706	Akrahreppur
6000	Akureyrarkaupstaður
6100	Norðurþing
6250	Fjallabyggð
6400	Dalvíkurbyggð
6501	Grímseyjarhreppur
6506	Arnarneshreppur
6513	Eyjafjarðarsveit
6514	Hörgárbyggð
6601	Svalbarðsstrandarhreppur
6602	Grýtubakkahreppur

6607 Skútustaðahreppur
6609 Aðaldælahreppur
6611 Tjörneshreppur
6612 Þingeyjarsveit
6706 Svalbarðshreppur
6709 Langanesbyggð
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður
7300 Fjarðabyggð
7502 Vopnafjarðarhreppur
7505 Fljótaldshreppur
7509 Borgarfjarðarhreppur
7613 Breiðdalshreppur
7617 Djúpavogshreppur
7620 Fljótaldshérað
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður
8000 Vestmannaeyjabær
8200 Sveitarfélagið Árborg
8508 Mýrdalshreppur
8509 Skaftárhreppur
8610 Ásahreppur
8613 Rangárþing eystra
8614 Rangárþing ytra
8710 Hrunamannahreppur
8716 Hveragerðisbær
8717 Sveitarfélagið Ölfus
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur
8721 Bláskógabyggð
8722 Flóahreppur

Tákn ríkisborgararéttar og fæðingarstaðar erlendis

Hér fara á eftir tákn helstu landa tilgreind með tveimur bókstöfum:

AF	Afganistan
AL	Albanía
AX	Álandseyjar
DZ	Alsír
AR	Argentína
AT	Austurríki
AU	Ástralía
US	Bandaríkin
BE	Belgía
BO	Bólivía
BR	Brasilía
GB	Bretland
BG	Búlgaríá
CL	Chile
DK	Danmörk
EG	Egyptaland
EE	Eistland
ET	Eþíópía
PH	Filippseyjar
FI	Finnland
FR	Frakkland
FO	Færeyjar
GH	Ghana
GI	Gíbraltar
GR	Grikkland
CV	Grænhöfðaeyjar
GL	Grænland
GT	Guatemala
HT	Haítí
NL	Holland
HK	Hongkong
IN	Indland
ID	Indónesía
IQ	Írak
IR	Íran
IE	Írland
IS	Ísland
IL	Ísrael
IT	Ítalía
JP	Japan
JO	Jórdanía
YU	Júgóslavía
CA	Kanada
KE	Kenía
CN	Kína
CO	Kólumbía
CU	Kúba
KW	Kúvait
LV	Lettland
LT	Litáen
LB	Líbanon
LY	Líbía

LU	Lúxemborg
MY	Malasía
MT	Malta
MA	Marokkó
MX	Mexíkó
MN	Mongólía
NG	Nígería
NO	Noregur
NZ	Nýja-Sjáland
PK	Pakistan
PE	Perú
PT	Portúgal
PL	Pólland
RO	Rúmenía
RU	Rússland
ZR	Saír
AE	Sameinuð arabafurstadæmi
SA	Saúdi-Arabía
ZW	Simbabve
SG	Singapúr
SK	Slóvakía
SO	Sómalía
ES	Spánn
LK	Srí-Lanka
KR	Suður-Kórea
ZA	Suðurafríka
SD	Súdan
CH	Sviss
SE	Svíþjóð
SY	Sýrland
TH	Taíland
TZ	Tansanía
CZ	Tékkland
TN	Túnis
TR	Tyrkland
HU	Ungverjaland
UG	Úganda
UA	Úkraína
VE	Venesúela
VN	Víetnam
DE	Þýskaland

Bókstafir íslensks ríkisborgararéttar eru IS, en þeir koma ekki fram á íbúaskrá. Þeir sem fæddir eru erlendis eru með töluna 99 fyrir framan bókstafi fæðingarlandsins. Heimild: Þjóðskrá og félagsmálaráðuneyti.

7 Viðauki III

Póstnúmer

101	Reykjavík	
102	(Millilanda Póstur)	Póstmiðstöð, Stórhöfða 32
103	Reykjavík	
104	Reykjavík	
105	Reykjavík	
107	Reykjavík	
108	Reykjavík	
109	Reykjavík	
110	Reykjavík	
111	Reykjavík	
112	Reykjavík	
113	Reykjavík	
116	Reykjavík	
121	Reykjavík	Pósthússtræti 5 (pósthólf)
123	Reykjavík	Síðumúla 3-5 (pósthólf)
124	Reykjavík	Síðumúla 3-5 (pósthólf)
125	Reykjavík	Síðumúla 3-5 (pósthólf)
127	Reykjavík	Eiðistorg 15 (pósthólf)
128	Reykjavík	Síðumúli 3-5 (pósthólf)
129	Reykjavík	Nettó í Mjódd, Þönglabakka 1 (pósthólf)
130	Reykjavík	Hraunbæ 119 (pósthólf)
132	Reykjavík	Hverafold 1-3 (pósthólf)
150	Reykjavík	Sérstakt pnr.fyrir fyrirtæki/stofnanir
155	Reykjavík	Sérstakt pnr.fyrir fyrirtæki/stofnanir
170	Seltjarnarnesi	
172	Seltjarnarnesi	
190	Vogum	
200	Kópavogi	
201	Kópavogi	
202	Kópavogi	
203	Kópavogi	
210	Garðabæ	
212	Garðabæ	
220	Hafnarfirði	
221	Hafnarfirði	
222	Hafnarfirði	
225	Álfanesi	
230	Reykjanesbæ	
232	Reykjanesbæ	
233	Reykjanesbæ	
235	Reykjanesbæ	
240	Grindavík	
245	Sandgerði	
250	Garði	
260	Reykjanesbæ	
270	Mosfellsbæ	
300	Akranesi	
301	Akranesi	
302	Akranesi	
310	Borgarnesi	

311	Borgarnesi
320	Reykholt í Borgarfirði
340	Stykkishólmi
345	Flatey á Breiðafirði
350	Grundarfirði
355	Ólafsvík
356	Snæfellsbæ
360	Hellissandi
370	Búðardal
371	Búðardal
380	Reykhólahreppi
400	Ísafirði
401	Ísafirði
410	Hnífsdal
415	Bolungarvík
420	Súðavík
425	Flateyri
430	Suðureyri
450	Patreksfirði
451	Patreksfirði
460	Tálknafirði
465	Bíldudal
470	Þingeyri
471	Þingeyri
500	Stað
510	Hólmavík
512	Hólmavík
520	Drangnesi
522	Kjörvogi
523	Bæ
524	Norðurfirði
530	Hvammstanga
531	Hvammstanga
540	Blönduósi
541	Blönduósi
545	Skagaströnd
550	Sauðárkróki
551	Sauðárkróki
560	Varmahlíð
565	Hofsós
566	Hofsós
570	Fljótum
580	Síglufirði
600	Akureyri
601	Akureyri
602	Akureyri
603	Akureyri
610	Grenivík
611	Grímsey
620	Dalvík
621	Dalvík
625	Ólafsfirði
630	Hrísey
640	Húsavík
641	Húsavík
645	Fosshólli

650	Laugum
660	Mývatni
670	Kópaskeri
671	Kópaskeri
675	Raufarhöfn
680	Þórshöfn
681	Þórshöfn
685	Bakkafirði
690	Vopnafirði
700	Egilsstöðum
701	Egilsstöðum
710	Seyðisfirði
715	Mjóafirði
720	Borgarfirði (eystri)
730	Reyðarfirði
735	Eskifirði
740	Neskaupstað
750	Fáskrúðsfirði
755	Stöðvarfirði
760	Breiðdalsvík
765	Djúpavogi
780	Höfn í Hornafirði
781	Höfn í Hornafirði
785	Öræfum
800	Selfossi
801	Selfossi
802	Selfossi
810	Hveragerði
815	Þorlákshöfn
820	Eyrarbakka
825	Stokkseyri
840	Laugarvatni
845	Flúðum
850	Hellu
851	Hellu
860	Hvolsvelli
861	Hvolsvelli
870	Vík
871	Vík
880	Kirkjubæjarklaustri
900	Vestmannaeyjum
902	Vestmannaeyjum